

108. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi 31. október 2013 kl. 17.00 í Fjölheimum.

Mætt: Guðríður Aadnegaard, varamaður Magðalenu Jónsdóttur, Arna Ír Gunnarsdóttir, varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar, Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, frkv.stj.

Dagskrá

1. Umsókn Afis starfsgreinafélags, Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu og Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði um aðild að Fræðslunetinu- símenntun á Suðurlandi

Stjórn Fræðslunetsins þakkar umsækjendum fyrir áhugann á samstarfi við Fræðslunetið. Almenn séð er viðhorf stjórnar til málsins óbreytt (sbr. bókanir í fundargerðum 94., 95., 105. og 106. fundar). Stjórn samþykkir að hefja viðræður við umsækjendur um aðild að Fræðslunetinu, en ítrekar að áður en mögulegt er að samþykkja umsóknina verður að liggja fyrir samkomulag um aðild umsækjenda að stjórn Fræðslunetsins, sem er sjálfseignarstofnun, og trygging fyrir nauðsynlegu viðbótarfjármagni vegna aukins rekstrarkostnaðar sem fylgir stærra starfssvæði.

2. Yfirlýsing formanns og samþykkt stjórnar fyrir því að Fræðslunetið starfi skv. skilgreindu gæðakerfi, EQM

Stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi samþykkir að Fræðslunetið starfi samkvæmt skilgreindu gæðakerfi, svokölluðum EQM viðmiðum, og vinni að stöðugum úrbótum og þróun verkferla eins og við á.

3. Önnur mál

- a) Rætt var um sameiginlegan málsverð starfsfólks og stjórnar. Hugmyndir um að tengja skemmtikvöldinu fyrirlestur eða fræðslu um eitthvert áhugavert efni.
- b) Frkv.stj. kynnti samantekt nokkurra talna úr starfsemi símenntunarstöðvanna, sem Kvasir hefur tekið saman. Gagnlegar upplýsingar um fjölda nemenda, nemendastunda, kynjahlutfalls og rekstrarafkomu. Ánægjulegt er að Fræðslunetið er önnur tveggja símenntunarstöðva á landinu, af 11, sem rekin er með hagnaði.

- c) Mjög vel hefur gengið með raunfærnimat í slátrun og málmsuðu, sem IPA styrkir fengust í. Raunfærnimatið er ein stærsta byltingin í menntun á síðari árum.
- d) Gríðarlega mikið er að gera og mjög í gadda slegið að húsnaðið dugi fyrir öll námskeiðin sem haldin eru. Ef háskólabrú verður næsta vetur er hætt við því að húsnaðið rúmi ekki starfsemina.
Framkv.stj. afhenti stjórn sýnishorn úr þéttsetinni stundaskránni.

Fundi slitið kl. 18.15.